

Fjarðabyggð  
Hafnargötu 2  
730 Reyðarfjörður

Egilsstaðir, 14. desember 2022  
UST202203-002/F.Æ.  
08.14.02

**Efni: Lokunareftirlit þann 22.11.2022 – Fjarðabyggð, Rimi í Mjóafirði**

Þann 22. nóvember sl. fór fram lokunareftirlit á urðunarstað Fjarðabyggðar á Rima í Mjóafirði. Í samræmi við 61. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Engin ábending var gerð í eftirlitinu en tvö frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 1.7 í fyrirmælum um lokun og frágang. Skila skal niðurstöðum skráninga til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Engar skráningar hafa borist.
2. Gr. 1.8 í fyrirmælum um lokun og frágang. Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á grunnvatni skal vera til staðar. Engin aðstaða er til sýnatöku, hvorki ofan né neðan urðunarstaðarins.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 5. janúar 2023.**

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson  
*Sérfræðingur*

Sigríður Magnúsdóttir  
*Sérfræðingur*